



SKAFTÁRHREPPUR



AÐALSKIPULAG SKAFTÁRHREPPS 2010-2022. Lýsing fyrir breytingu á þéttbýlinu

Ferðapjónusta í landi Tungu

23. 08. 2016



LANDMÓTUN

Margrét Ólafsdóttir
Yngvi Þór Loftsson

Efnisyfirlit

1	Inngangur	3
2	Aðdragandi og markmið	3
3	Forsendur og tengsl við aðrar áætlanir	3
3.1	Íbúapróun	4
3.2	Staðhættir og skipulagsforsendur	4
4	Umhverfisáhrif.....	6
5	Ferli verkefnis	7
6	Heimildaskrá.....	7

Myndaskrá

Mynd 1.	Loftmynd sem sýnir staðsetningu á íbúðarhúsi, klakhúsi og aðstöðuhúsi við Tungulæk.	3
Mynd 2.	Íbúafjöldi í Skafárhreppi 2007 - 2046 (Hagstofa Íslands	4
Mynd 3.	Fiskeldisstö við Tungulæk.....	4
Mynd 4.	Horft frá Tungu að Hæðargarðsvatni og Kirkjubæjarklaustri.....	5
Mynd 5.	Staðfest aðalskipulag Skaftárhrepps 2010-2022 frá 21.11.2011, með síðari breytingum þar sem búið er að merkja inn hring á því svæði sem breytingin nær til.....	6

Töfluskrá

Tafla 1.	Verslunar- og þjónustusvæði á Kirkjubæjarklaustri skv. gildandi aðalskipulagi Skaftárhrepps 2010-2022, með síðari breytingum.	5
----------	--	---

1 Inngangur

Aðalskipulag Skaftárhrepps var staðfest þann 21. nóvember 2011, hér er lögð fram lýsing fyrir breytingu á þéttbýlisupprætti og greinargerð í samræmi við 30. grein skipulagslaga nr. 123/2010.

Viðfangsefni breytingarinnar er nýtt verslunar- og þjónustusvæði í landi Tungu. Gert er ráð fyrir 50 herbergja hóteli á tveimur hæðum, starfsmannahúsum og sögusafni. Lögð er áhersla á að fiskeldi sem er til staðar (reitur I6 á aðalskipulagsupprætti) tengist ferðaþjónustunni sem sýningarsvæði og mikilvægur þáttur í matarmenningu staðarins. Samhliða breytingun á aðalskipulaginu er unnið deiliskipulag fyrir svæðið.



Mynd 1. Loftmynd sem sýnir staðsetningu á íbúðarhúsi, klakhúsi og aðstöðuhúsi við Tungulæk.

2 Aðdragandi og markmið


Í Tungu hefur verið stundað bleikjueldi um langt skeið. Með auknum fjöldi ferðamanna í Skaftárhreppi skapast tækifæri fyrir fjölbreyttari starfsmöguleika á jörðinni sem tengist hótélrekstri, safni um fiskeldið, gulleiti og skipsströnd. Ennfremur verður áhersla á útivist með gönguleiðum og bátasiglingum um Skaftá.

3 Forsendur og tengsl við aðrar áætlanir

Ferðaþjónusta hefur verið vaxandi atvinnugrein í Skaftárhreppi. Árið 2008 var Vatnajökulsþjóðgarður stofnaður en hluti vestursvæðis þjóðgarðsins er innan Skaftárhrepps. Í Skaftárhreppi eru vinsæl ferðamannasvæði og þar sem rúmir 70 km er frá Kirkjubæjarklaustri í næsta þéttbýli hafa margir viðkomu þar. Um 2 km eru frá Tungu að Kirkjubæjarklaustri.

3.1 Íbúapróun

Íbúum í Skaftárhreppi hefur fækkað nokkuð síðan 1980 en þá bjuggu 693 í sveitarfélaginu. Ef horft er til íbúapróunar síðastliðinna 10 ára þá hefur íbúum fækkað um 55 en á síðasta ári fjölgaði þeim þó um 9 en alls bjuggu 452 manns í Skaftárhreppi þann 1. janúar 2014 og 470 þann 1. Janúar 2016 (Hagstofa Íslands) sjá mynd 2.



Mynd 2. Íbúafjöldi í Skaftárhreppi 2007 - 2016 (Hagstofa Íslands)

3.2 Staðhættir og skipulagsforsendur

Aðalskipulagsbreytingin er innan þéttbýlisuppdráttar Kirkjubæjarklausturs í landi Tungu og er um xx ha að stærð. Fiskeldið er við Hæðarlæk sem rennur til suðurs í Tunguvötn og er skv. aðalskipulagi innan iðnaðarsvæðis (I6) og í tengslum við það er fyrirhugað að koma upp sögusafni um fiskeldið. Auk þess er ætlunin að byggja hótél og starfsmannaíbúðir á núverandi landbúnaðarsvæði og verður því svæði breytt í verslun- og þjónustusvæði.



Mynd 3. Fiskeldisstö við Tungulæk



Mynd 4. Horft frá Tungu að Hæðargarðsvatni og Kirkjubæjarklaustri.

Í þéttbýlishluta aðalskipulags Skaftárhrepps 2010 – 2022 eru eftirfarandi svæði skilgreind sem verslunar- og þjónustusvæði:

Nr.	Lýsing	Stærð í ha
V-1	Kirkjubæjarstofa var stofnuð sem rannsókn- og menningarsetur á Kirkjubæjarklaustri. Markmið starfseminnar er að efla og styðja rannsóknir og lifandi fræðslu um náttúrufar, sögu og menningu héraðsins. Lögð verður áhersla á starfsemin sé í fullu samræmi bæði við áherslur í stefnumörkun sveitarfélagsins og kröfur og aðstæður í nútíma upplýsingar- og þekkingarþjóðfélagi.	0,1
V-2	Hótel Klaustur	1,3
V-5	Skaftárskáli þar sem er veitinga- og bensinsala.	6,7
V-6	Nýtt verslunar- og þjónustusvæði austan brúar	0,3
V-7	Þjónustusvæði við flugbraut á Stjórnarsandi .	0,5
V-8	Klausturhlað þar sem gert er ráð fyrir þjónustu við ferðamenn.	0,6
	Samtals	10,3

Tafla 1. Verslunar- og þjónustusvæði á Kirkjubæjarklaustri skv. gildandi aðalskipulagi Skaftárhrepps 2010-2022, með síðari breytingum.

Markmið og leiðir fyrir verslunar- og þjónustusvæði eru þessi:


„MARKMIÐ:

Helsti vaxtarbroddur atvinnuuppbyggingar í Skaftárhreppi tengist ferðaþjónustu og er stefnt að enn frekari vexti á komandi árum. Svæðið hefur flest með sér til áframhaldandi uppbyggingar í ferðaþjónustu s.s. fjölbreytileika í náttúrufari, veðursæld og jákvæða ímynd. Gera þarf áætlun um skipulagða og umfangsmikla kynningu, innan lands sem utan, á þeim kostum sem Skaftárhreppur hefur uppá að bjóða hvað varðar aðstöðu til atvinnuuppbyggingar, búsetu og ferðaþjónustu.

LEIÐIR:

- Fjölgun ferðamanna hefur í för með sér aukna og fjölbreyttari þjónustu.

- Skipuleggja og samræma endurbætur, viðhald og nýtingu á fjallaskálum í eigu hreppsins. Vel kemur til greina að gera þetta í samstarfi við ferðafélög og aðra sem skipuleggja göngu- og hestaferðir um svæðið.
- Fylgja eftir umsókn um vottun og aðild að evrópskum jarðsögugarði í Skaftárhreppi.“



Mynd 5. Staðfest aðalskipulag Skaftárhrepps 2010-2022 frá 21.11.2011, með síðari breytingum þar sem búið er að merkja inn hring á því svæði sem breytingin nær til.

4 Umhverfisáhrif

Helstu þættir breytingartillögunnar sem taldir eru geta valdið umhverfisáhrifum eru þættir á framkvæmdatíma við byggingu hótels og safns og áhrif á samfélagið við uppbygginguna. Þeir umhverfisþættir sem helst verða fyrir áhrifum eru hagrænir og félagslegir þættir og áhrif nýrra bygginga á vistkerfið á framkvæmdatíma.


Í umfjöllun um umhverfisáhrif verður fjallað um eftirfarandi umhverfisþætti:

- Efnahagur og atvinnulíf.
- Íbúapróun.
- Náttúruvá.
- Gróður og dýr.
- Menningarminjar.

Val á þessum umhverfisþáttum byggist á greiningu á því hvað þættir umhverfisins gætu orðið fyrir áhrifum vegna skipulagsbreytingarinnar. Greint verður frá mögulegum mótvægisáðgerðum og vöktun ef í ljós kemur að umhverfisáhrif í einhverjum af áðurtöldum þáttum eru talin veruleg.

5 Ferli verkefnis

Eftirfarandi eru drög að tímaferli og er það birt með fyrirvara um hugsanlegar breytingar.



Tafla 3. Tíma- og verkáætlun

Hugmyndir og tillögur verða kynntar yfirvöldum og hagsmunaaðilum með auglýsingu og kynningu í samræmi við ákvæði skipulagslaga. Helstu umsagnaraðilar eru

- Veðurstofa Íslands.
- Minjastofnun Íslands.
- Umhverfisstofnun.
- Vegagerðin.
- Landeigendur.
- Fiskistofa.

Eftir samþykkt sveitarstjórnar á fullunninni tillögu verður hún auglýst í B-deild Stjórnartíðinda til staðfestingar í samræmi viðlög.

6 Heimildaskrá

Aðalskipulag Skaftárhrepps 2010-2022.

Hagstofa Íslands, 2016. Mannfjöldi eftir kyni, aldri og sveitarfélögum 1998-2016 - Sveitarfélagaskipan hvers árs

http://px.hagstofa.is/pxis/pxweb/is/lbuar/lbuar__mannfjoldi__2_byggdir__sveitarfelog/MAN02001.px/.

Lög nr. 105/2006 um umhverfismat áætlaða.

Lög nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum.

Lög nr. 44/1999 um náttúruvernd.

Skipulagslög nr.123/2010.

Skipulagsreglugerð nr. 90/2013.